

**50. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis  
haldinn í Glerárskóla 11.10.2011.**

**Mættir:** Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir og Helgi Stefánsson.

**Fundarefni.**

**Fundur með stjórnarsýslunefnd á morgun miðvikudag 12.10.2011.**

Ákveðin ýmis erindi sem ræða á þar við nefndina og einnig var ákveðið að Berglind og Brynja mæta. Helgi mun einnig reyna að mæta.

**Erindi til framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar ítrekað**

Erindið var sent 12. maí og svar barst 13. maí frá Helga Má Pálssyni um að málin yrðuð skoðuð og nefndin fengi síðan línu um lausnir þar sem það á við.

Sendur var ítrekunarpóstur þann 31.08.2011 en ekki borist svar! Erindið verður sent einnig til Dagnýjar tengiliðs hverfisnefndar.

Þá var einnig ákveðið að bera þetta erindi upp á fundi hverfisnefndar og stjórnarsýslunefndar á morgun.

**Skólaráð Glerárskóla.**

Berglind fulltrúi og Óskar varafulltrúi hverfisnefndar. Fundur á morgun miðvikudag klukkan 15:00

**Erindi varðandi framkvæmdir við Undirhlíð ítrekað**

Hverfisnefnd ákvað að ítreka erindi til bæjarstjóra Akureyrar Eiríks Björns Björgvinssonar og formann skipulagsnefndar Helga Snæbjarnarsonar. Erindið var sent í tölvupósti þann 23. maí 2011 vegna framkvæmda SS byggingafyrirtækis við Undirhlíð.

Ítrekun verður send og einnig afrit til Dagnýjar tengiliðs hverfisnefndar.

**Fura ehf.**

Þann 09.07.2011 barst erindi frá Gunnari Þór Garðarssyni fyrir hönd Furu ehf. þess efnis að hann vildi gjarnan fá hverfisnefnd Holta- og Hlíðarhverfis í heimsókn. Hverfisnefnd ákvað að óska eftir með tölvupósti eftir að fá að koma í heimsókn á tímabilinu 17. – 20. okt. 2011 til þess að kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

**Skreyting á undirgöng í hverfinu.**

Myndmenntakennari Glerárskóla tók afskaplega vel í þá hugmynd að skreyta undirgöng í hverfinu og er næsta mál á dagskrá að hverfisnefnd þarf að ráðfæra sig við aðila frá bænum um framkvæmdina. Mun ritari kanna þau mál nánar hjá Akureyrarbæ.

**Athugun á hverfinu.**

Nefndarmenn frestuðu þessum lið frá síðasta fundi til þess næsta.

Ekki fleira rätt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 1. nóv. 2011 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 11. október 2011

Brynja Sig.